

## Skipulag

Fundarboðandi:	Viktor S. Pálsson	Fundarstaður:	Fjarfundur (Teams)
Fundarstjóri:	Þorvaldur Þórðarson	Dagsetning:	18. september 2024
Fundarritari:	Viktor S. Pálsson	Fundartími:	13:00 – 14:25

**Þátttakendur:** Þorvaldur Þórðarson (yfirdýralæknir, formaður fagráðs) Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands), Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsamband Íslands), Guðrún Birna Brynjarsdóttir, (f.h. Bændasamtaka Íslands) og Sigríður Björnsdóttir (sérgreinadýralækna hrossasjúkdóma).

## Dagskrá

### 1. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum:

#### a. Framhaldsrannsókn á sérsniðnu blönduðu bóluefni gegn lungnasjúkdómum í sauðfé.

Tilgangurinn tilraunar að rannsaka á virkni bóluefnisins Movi Plus á sauðfé.

Fyrir fundinum lá mat Þorvaldar Þórðarsonar yfirdýralæknis á umsókninni.

Fagráð veitir jákvæða umsögn.

#### b. Smítilraun til þess að staðfesta lífsferil sníkjudýrsins *Parvicapsula pseudobranchicola*.

Fyrir fundinum lá mat Sigríðar Björnsdóttur dýralæknis hjá Matvælastofnun á umsókninni.

Anna Berg Samúelsdóttir fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands óskaði eftir sérstakri bókun um þá afstöðu DÍS vegna dýratilrauna að alltaf skuli hafa í huga að dýr eru ekki hlutir heldur skyni gæddar verur.

Fagráð veitir jákvæða umsögn.

#### c. Biocompatibility and in-vivo degradation of novel algae derived products in a rat implant model.

Tilgangur rannsóknar að rannsaka sáraafurðir og hvort þær valdi viðbrögðum þegar þær eru settar undir húð og sjá hversu lengi þær haldast og séu sýnilegar.

Fyrir fundinum lá mat Sigríðar Björnsdóttur dýralæknis hjá Matvælastofnun á umsókninni.

Anna Berg Samúelsdóttir fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands leggist gegn því að leyfi til tilraunarinnar verði veitt á grundvelli þess að um er að ræða þróun á vöru.

Aðrir nefndarmenn veita jákvæða umsögn.

**d. Krabbameinsrannsókn (Cancer Research) endurnýjun.**

Um er að ræða endurnýjun á leyfi og var mat framkvæmt við útgáfu eldra leyfis.

**e. Pressure overload-induced myocardial hypertrophy.**

Tilgangur tilraunar að skýra hlutverk bólgu í hjartabilun vegna háþrýstings og áhrif kyns á lyfjameðhöndlun sem beinist að tilteknum viðtaka.

Fyrir fundinum lá mat Sigríðar Björnsdóttur dýralæknis hjá Matvælastofnun á umsókninni.

Anna Berg Samúelsdóttir fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands óskaði eftir sérstakri bókun um þá afstöðu DÍS vegna dýratilrauna að alltaf skuli hafa í huga að dýr eru ekki hlutir heldur skyni gæddar verur.

Fagrað veitir jákvæða umsögn.

**2. Meðferð sauðfjár í rekstrum og réttum.**

Málinu frestað til næsta fundar og verður það unnið af nefndarmeðlimum milli funda.

**3. Önnur mál.**

Rætt um mál sem hefur verið frestað milli funda og nauðsyn þess að setja slík mál á dagskrá.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:00. Næsti reglulegi fundur Fagraðs um velferð dýra verður miðvikudaginn 23. október 2024 kl. 13.00.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.